

Heimilisfræði 1. bekkur

Kennari: Edit Ujhelyi

Almennt um kennsluna Kennslustundafjöldi er 2 kennslustundir aðra hverja viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru sett fram í fjórum flokkum.

- | | |
|----------------------------|---|
| <u>Matur og lífshættir</u> | ➤ <i>Geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti</i>
➤ <i>Valið hollan mat og útskýrt hvað hann gerir fyrir líkama og líðan</i>
➤ <i>Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif</i> |
| <u>Matur og vinnubrögð</u> | ➤ <i>Útbúið með aðstoð einfalda og holla máltíð</i>
➤ <i>Farið eftir einföldum uppskriftum</i>
➤ <i>sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi,</i> |
| <u>Matur og umhverfi</u> | ➤ <i>Skilið einfaldar umbúðamerkingar</i> |
| <u>Matur og menning</u> | ➤ <i>tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</i> |

Skipulag kennslunnar

Kennsluaðferðir: hópavinna, innlagnir, verklegar æfingar.

Námsgögn: Komdu og skoðaðu eldhúsið, Gott og gaman, efni af veraldarvef, uppskriftir frá kennara.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun. Gefin er umsögn að vori.

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar.